

Mánudaginn 29. ágúst 1983.

Nr. 148/1983. **Ákærvaldið**

gegn

Hallgrími Thorsteinsson.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. ágúst 1983, sem barst Hæstarétti sama dag. Krefst hann þess, að hin kærða dómssátt verði felld úr gildi.

Samkvæmt bréfi sakadóms Reykjavíkur 15. þ. m. hefur varnaraðilja verið gert kunnugt um framangreinda kröfu ríkissaksóknara. Frá honum hafa engar kröfur eða athugasendir borist.

Á sakavottorði varnaraðilja, dagsettu 2. mars 1983, sem lagt var fram í sakadómi, þegar hin kærða dómssátt var gerð, var þess ekki getið, að hinn 25. ágúst 1980 gekkst varnaraðili undir dómssátt í sakadómi Garðakaupstaðar, þar sem honum var gert að greiða 120.000 króna sekt til ríkissjóðs og var sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 10. júlí 1980 að telja fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. greinar umferðarlaga og 1. mgr. 24. greinar áfengisлага. Hafði sú dómssátt vegna mistaka eigi verið færð á sakaskrá fyrir en 30. júní 1983 að því er segir í kæru ríkissaksóknara.

Samkvæmt framansögðu var hin kærða dómssátt gerð við varnaraðilja vegna kæru á hendur honum fyrir ítrekað brot á 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Var því eigi heimilt samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að ljúka málinu með þeim hætti. Ber því samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 að fella dómssáttina úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt sakadóms Reykjavíkur 16. mars 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 16. mars, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Birgi Þormar. Fyrir tekið: Kæra á hendur Hallgrími Thorsteinsson fyrir umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti:

Nr. I bréf lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 11. mars 1983.

Nr. II möppu með málsskjölum.

Klukkan 1330 kemur í dóminn kærði, Hallgrímur Thorsteinsson fréttamaður, Grenimel 12, nafnr. 3677-5440, fæddur 14. september 1955 í Reykjavík.

Kærða er kunngert sakarefnið og jafnframt gætt ákv. 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt. Mánudaginn 21. febrúar 1983 ók hann bifreiðinni R 10400 frá Grenimel að Elliðavogi.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýnishorni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 0.80‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn kærða að ljúka málinu þannig, að hann fallist á að greiða kr. 3.000.00 í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 2 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, en brot hans þykir efnislega varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og greiðist sektin fyrir 20. apríl 1983, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 5 daga.

Kærði samþykkir að greiða málskostnað, kr. 602.00, fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfisviptingin gildir frá 8. mars 1983.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.